

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. mars 2012
Tilvísun: UST20120200018/há

Deiliskipulag á Suðureyri - miðsvæðis

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 27. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar á tillögu að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Suðureyrar í Ísafjarðarbær.

Markmið

Meginmarkmið skipulagsins er að efla atvinnulíf á Suðureyri með markvissri uppbyggingu á svæðinu. Áherslur deiliskipulagsins verða í samræmi við gildandi aðalskipulag um verndun eldri byggðar. Hugað verður að þéttingu íbúðabyggðar ásamt auknum möguleikum til uppbyggingar ferðaþjónustu. Í greinargerð segir að hugsanlegar takmarkanir sem lagðar verða til grundvallar stefnumörkuninni verða ofanflóð, hækkun sjávarborðs og möguleiki á flóðbylgjum.

Almennt um breytinguna

Fram kemur í greinargerð að samhliða gerð nýs deiliskipulags er gildandi deiliskipulagi breytt þannig að miðhluti þess er felldur úr skipulagi, en ysti og innsti hluti þess standa eftir óbreyttir. Nýja deiliskipulagið tekur til alls þess lands sem felld er út úr gildandi deiliskipulagi auk svæðis milli Aðalgötu og Hjallavegar. Í nýju skipulagi eru tilmæli um tilhögun og styrkingu húsa m.t.t. flóðbylgja á svæðinu. Elsta byggð Suðureyrar er á þessu svæði og nýtur hverfisverndar. Þar er lögð áhersla á verndun gamalla húsa og uppbyggingu í samræmi við það. Gert er ráð fyrir 33 nýjum eða endurbyggðum lóðum og möguleika á að auka byggingarmagn á öllum lóðum innan svæðisins, nema einni sem er fullbyggð. Sérstök áhersla er lögð á verndun elstu byggðarinnar og endurreisn horfinna byggðarluta í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Í greinargerð segir að deiliskipulag taki mið af gildandi hættumati vegna ofanflóða.

Staðhættir

Skipulagssvæðið er um 5,4 ha að stærð og tekur til Suðureyrarmalar og næsta nágrennis til sjávar. Fjöldi íbúða eru á svæðinu og talsverð atvinnustarfssemi. Engar náttúruminjar eru skráðar á innan skipulagssvæðisins og engar friðlýstar fornminjar. Ekkert er eftir af upprunalegum fjörum á svæðinu.

Náttúruvá

Í greinargerð segir að skipulagssvæðið er að stærstum hluta utan hættusvæða vegna ofanflóða og aðeins efstu lóðirnar eru á hættusvæði A. Í erindi Ísafjarðarbæjar til Umhverfisstofnunar 27. janúar sl. segir að hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar hafi metið hættu vegna ofanflóða í maí 2005 og engar áætlanir séu um að gera nýtt hættumat fyrir svæðið enda hafi aðstæður ekki breyst í Súgandafirði sem kallar á endurskoðun hættumats.


Fram kemur að skipulagssvæðið er á láglandi við sjó, og að töluverð óvissa er um hve mikið sjávarborð muni hækka á öldinni og gera þurfi ráð fyrir um hálf metra hækkun sjávaryfirborðs að lágmarki. Í fyrrgreindu erindi frá Ísafjarðarbæ segir að stór hluti svæðisins er þegar byggður og erfitt að bregðast við m.t.t. hækkunar sjávarborðs í framtíðinni en reynt verði að bregðast við því með einhverju móti eftir því sem hægt er hverju sinni.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir að haga þurfi skipulagi þannig að dregið sé úr hættu á tjóni af völdum náttúruvá. Umhverfisstofnun bendir á að í stefnu stjórnvalda Velferð til framtíðar kemur fram að allir íbúar landsins skuli búa við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvá og að landnýtingu verði þannig hagað með tilliti til hennar. Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfssemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr. reglugerðar um hættu vegna ofanflóða nr. 505/2000.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Suðureyrar.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir


Hákon Ásgeirsson